

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 14.6.2024
UST202406-114/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmælingar á lýsis- og olíugeymum - Olíudreifing ehf., Þórshöfn, geymir nr. 3 (T2007).

Umhverfisstofnun bárust þann 10. júní sl. þykktarmælingar á einum geymi Olíudreifingar ehf., Þórshöfn. Geymirinn hefur fastanúmerið T2007 og eigendanúmerið 680.03.00 og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila, við Bakkaveg og Hafnarveg, Þórshöfn. Geymirinn er liggjandi stálgeymir, smíðaður árið 2005.

Þykktarmælingar framkvæmdi Andre Sandö hjá HB tækniþjónustu ehf., þann 27. maí 2024. Fram kemur í skýrslunni að þykktarmælir, gel, málband/ UT meter gel og meas. tape hafi verið notað til mælingarinnar. Var belgur geymis mældur ásamt endalokum.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-241652-T2007-27-MAY-24 frá HB tækniþjónustu ehf., að geymirinn sé málaður að utan og líti vel út. Fram kemur að finna megi pytti, frá 0,5-1,5 mm á köflum inni í geyminum og að ryð sé farið að myndast á topp geymisins að innan en að efnisþykkt sé þó alsstaðar að lágmarki 5,9mm.

Meðfylgjandi er skýrsla HB tækniþjónustu ehf., um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum en bendir rekstraraðila á að fylgjast með þeim ryðblettum og pyttum sem fram komu í mælingunni. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri